

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Grundarfjarðar.

1. gr.

Af öllum fasteignum sem tengdar eru við Vatnsveitu Grundarfjarðar skal greiða almennan vatnsskatt 0,5% af hinu opinbera fasteignamati húss og lóðar.

Hafi fasteign ekki verið virt fasteignamatsvirðingu ákveður hreppsnefnd skattinn.

Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist vatnsskattur samkvæmt fasteignamati lóðarinnar. Lágmark vatnsskatts skal vera kr. 3 500,00.

2. gr.

Almennur vatnsskattur breytist á sama hátt og álagningarstofn fasteignaskatts. Heimilt er að breyta öllum öðrum gjöldum samkvæmt þessari gjaldskrá eins og verðlag breytist miðað við byggingarvísitölu.

3. gr.

Af húsum sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnureksturs eða af öðrum ástæðum, skal auk hins almenna vatnsskatts greiða svonefndan aukavatnsskatt.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mælingu. Allan kostnað við mæla, uppsetningu þeirra, viðhald og álestur skal viðkomandi notandi greiða. Verði mælingu ekki við komið má áætla notkun.

4. gr.

Aukavatnsskattur sem lagður er á samkvæmt 3. gr. skal vera kr. 8,00 á hvern rúmmetra vatns, eða sem hér segir samkvæmt áætlaðri notkun.

A. Fyrir þvottaplön sem rekin eru til þvotta á bifreiðum t.d. í sambandi við eldsneytissölur, skal greiða kr. 40 000,00 á ári fyrir vatnsnotin.

B. Vatnsnotkun í steypu til mannvirkjagerðar og til iðnaðar fyrir hver 100 kg sementsnotkun kr. 10,00.

C. Vatnsnot við fiskverkun verði sem hér segir:

I. Fyrir hverja smálest af innvegnum fiski kr. 110,00.

II. Fyrir hverja smálest af innveginni rækju eða skelfiski kr. 395,00.

III. Fyrir hverja smálest af fiski sem landað er í gáma kr. 110,00.

D. Fyrir vatn sem selt er til skipa og báta í Grundarfjarðarhöfn skal vera kr. 65,00 fyrir hvern rúmmetra. Lágmarksgjald skal vera kr. 500,00.

E. Gjöld fyrir ónefnd vatnsnot skulu fara eftir ákvörðun hreppsnefndar.

5. gr.

Gjalddagi vatnsskatts hvers árs er hinn sami og gjalddagi fasteignaskatts. Aukavatnsskatt er heimilt að innheimta mánaðarlega. Vatnsskatt af fasteignum má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu fasteign, án tillits til eigendaskipta.

Skatturinn nýtur lögveds í fasteigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Sé vatnsskattur eða vatnsgjöld í vanskilum er heimilt að loka vatnsæð til gjaldanda.

6. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að hækka eða lækka um allt að 50% framantalin gjöld, öll eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

7. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Eyrarsveitar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1973 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Grundarfjarðar nr. 269 11. júní 1976.

Félagsmálaráðuneytið, 27. apríl 1988.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á áður staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkur.

Samkvæmt ósk borgarskipulags Reykjavíkur f.h. borgarráðs hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 23. mars 1988 fallist á og staðfest sbr. 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 þá breytingu á staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkur að því er varðar landnotkun á staðgreinireit 1.8.11 við Sogaveg að útivistarsvæði verður íbúða- og útivistarsvæði.

Félagsmálaráðuneytið, 27. apríl 1988.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Stykkishólms 1985–2005.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 22. apríl 1988 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Stykkishólms 1985–2005.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og verið samþykktur af bæjarstjórn Stykkishólms og skipulagsstjórn ríkisins.

Jafnframt er úr gildi fellt aðalskipulag Stykkishólms frá 29. nóvember 1974 sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 365 2. desember 1974.

Félagsmálaráðuneytið, 27. apríl 1988.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.